




## Náms- og kennsluáætlun - Haustönn 2022


## HÚSA3ÞÚ09

<b>Kennari</b>	<b>Gunnar Valdimarsson, <a href="mailto:gunnarvald@fss.is">gunnarvald@fss.is</a></b>	
<b>Viðtalstími</b>	Mánudaga kl. 12:00-13:00 í stofu 121	
<b>Námsefni</b>	Teikningar af sumarhúsi Ýmis gögn sem kennari afhendir	
<b>Áfangalýsing</b>	Í áfanganum er kennd smíði. Meðal þess sem tekið er fyrir er útfærsla einstakra byggingarluta, efnisval, staðsetning á stoðum, bitum og sperrum auk umfjöllunar um þakkvisti og frágang í kringum þakop. Áfanginn er verklegur þar sem nemendur fá þjálfun í almennum verkþáttum húsasmíða eins og meðferð áhalda og tækja, notkun smíðisfestinga, yfirborðsmeðferð, öryggis- og gæðamálum m.m. Áfanginn er á námsbraut í húsasmíði og lögð er áhersla á sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð ásamt hæfni til að vinna með öðrum í hóp.	

<b>Námsmat og vægi námsmatsþátta</b>	Virgni í tímum Samvinna með öðrum nemendum Vinnubrögð við smíði og útfærslu teikninga , Ná þarf að lármarki 4,5 í einkunn til að ná áfanganum		
	<b>Símatsáfangi</b> <input checked="" type="checkbox"/>	<b>Lokapróf</b> <input type="checkbox"/>	<b>Sleppikerfi</b> <input type="checkbox"/>
	<b>Heiti</b>	<b>Vægi</b>	
	Raunmæting í einkunn	10%	
	Virgni í tímum	40%	
	Vinnubrögð og smíði	20%	
	Skil á vikuskýrslum	15%	
	Greinagerð um byggingu	15%	

<b>Reglur áfanga</b>	Notkun á snjallsímum er ekki leyfileg í tímum nema með leyfi kennara. Slökkt skal vera á farsímum í kennslustund! Bent er á mætingareglur sem og aðrar skólareglur FS og að nemandi virði þær
----------------------	---

<b>Annað sem kennari vill láta koma fram</b>	Í verklegum hluta áfangans er verkefnum er ekki skipt upp í vikuáætlun þar sem veður og aðrar ástæður geta valdið því að sú áætlun gengur ekki upp. Kennari áskilur sér rétt til að gera breytingar á áætluninni og láta þá nemendur vita af þeim.
--	--

Þekking	Leikni
<p>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• uppbyggingu berandi timburveggja</li> <li>• uppbyggingu þakvirkis úr timbri</li> <li>• yfirborðsmeðferð smíðaviðar</li> <li>• stífungum á grindarveggjum, staðsetningu stoða og festinga</li> <li>• frágangi á sperrum við sperrufót og mæni</li> <li>• stífungum á sperrum og vexlun í kringum þakop</li> <li>• mismunandi útfærslum á þakköntum og reglum um loftun</li> <li>• algengustu efnum og festingum í þakklæðningar</li> <li>• algengustu útfærslum á loftræstum timburklæðningum á útveggi</li> <li>• uppsetningu á vindvörn og klæðningagrind og reglum um loftun þakvirkis</li> <li>• skörun og neglingu borðaklæðninga</li> <li>• frágangi á borðaklæðningum í kringum veggop og á hornum og brúnum</li> <li>• uppsetningu lagnagrindar, afréttingu og frágang hennar</li> <li>• hvernig á að smíða og setja upp verkpalla og fallvarnir</li> <li>• uppbyggingu og uppsetningu loftræstra útveggjaklæðninga</li> <li>• eiginleikum og notkunarviði algengra burðar- og klæðningakerfa</li> <li>• mismunandi festingakerfum og afréttingu þeirra</li> <li>• áhöldum og tækjum sem notuð eru við uppsetningu þakvirkja og klæðningar</li> </ul>	<p>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• smíða þakvirki með hliðsjón af kröfum um styrkleika, einangrun og eldvarnir</li> <li>• greina algengar útfærslur þakvirkis, bæði fríberandi sperra og kraftsperra</li> <li>• greina helstu aðferðir og efni til að verja tré gegn fúa og veðrun</li> <li>• ganga frá þakgluggum og kvistum</li> <li>• velja áhöld og tæki til uppsetningar á grind og klæðningu</li> <li>• klæða og velja heppileg verkfæri</li> </ul>
<p><b>Hæfni</b></p> 	
<p>Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• smíða þakvirki úr timbri og klæða með algengustu efnum</li> <li>• smíða þakvirki og klæða í samræmi við kröfur um styrkleika, einangrun og eldvarnir</li> <li>• klæða útveggi með liggjandi og standandi (timbur)útveggjaklæðningu</li> <li>• klæða útveggi með borðaklæðningu í samræmi við kröfur um styrkleika, einangrun og eldvarnir</li> <li>• einangra og klæða loft innanhúss</li> <li>• koma einangrun fyrir og ganga frá rakavarnarlagi</li> </ul>	

## Vinnuáætlun

Tímasókn	15 vikur x 8 klst.	120 klst.
Undirbúningur f. tíma	15 vikur x 4 tímar x 20 mín	40 klst.
Vikuskýrslur	15 x 2 klst.	30 klst.
Greinagerð um byggingu	15 klst.	15 klst.
<b>Alls</b>		<b>205 klst. = 9 fein*</b>

Kennsluvikur	Áætluð yfirferð námsefnis	Skil á verkefnum
<b>1. vika</b> 19. - 26. ágúst	Ýmis atriði varðandi útfærslur þak og burðavirkis skoðuð Teikningar kynntar og smíði hefst	
<b>2. vika</b> 29. ágúst - 2. september	Veggjagrindur smíðaðar og burður skoðaður	
<b>3. vika</b> 5. - 9. september	Veggjagrindur reistar og klæddar vindvarnarlagi (krossvið)	
<b>4. vika</b> 12. - 16. september	Vindvörn kláruð og sperrur sagaðar og reistar	
<b>5. vika</b> 19. - 23. september	Sperrur klæddar og þakjárn sett á þak	
<b>6. vika</b> 26. sept. - 30. september	Loftunargrind sett á útveggi og byrjað að klæða útveggi	
<b>7. vika</b> 3. - 7. október	Klæðning útveggja	
<b>8. vika</b> 10. – 14. október <i>Miðannarmat 11. okt.</i>	Loftun sett í þak og þakkantur útfærður Smíði þakkants lokið	
<b>9. vika</b> 17. - 21. október	Frágangur á kjöl og flastningum	
<b>10. vika</b> 24. - 28. október <i>Vetrarleyfi 24. og 25. okt.</i>	Eldvarnir varðandi bygginguna skoðaðir	
<b>11. vika</b> 31. okt. - 4. nóvember	Klæðning á veggjum	
<b>12. vika</b> 7. - 11. nóvember	Burðaviki innandyra	
<b>13. vika</b> 14. - 18. nóvember	Frágangur utandyra	
<b>14. vika</b> 21. - 25. nóvember	Frágangur á ýmsum liðum	
<b>15. vika</b> 28. nóv. - 2. desember	Lokafrágangur á húsi	
<b>16. vika</b> 5. – 7. desember	Lokafrágangur á húsi	

Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf

Gunnar Valdimarsson